

Nd.

19. Frumvarp til laga

[18. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á þingunum 1946 og 1947. Fylgdi því í síðara skipti svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi eins og það er hér, og var því útbýtt 2. des. 1946. Var frumvarpinu að lokinni 1. umræðu vísað til sjávarútvegsnefndar. Eftir að nefndin hafði fengið málið til meðferðar, leitaði hún umsagnar sjómannafélaganna í Reykjavík og Hafnarfirði svo og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Fékk nefndin fljótlega svör frá Sjómannafélagi Hafnarfjarðar, er lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt, og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, er lagði til, að það yrði fellt. Svar barst hins vegar ekki frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og hefur það félag ekki til þessa tekið neina afstöðu til þessa mikla velferðarmáls hinnar íslenzku sjómannastéttar.

Sjávarútvegsnefnd klofnaði í málinu. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, og fulltrúi Framsóknarflokksins, Skúli Guðmundsson, lögðu til í álitinu, sem útbýtt var 17. apríl 1947, að frumvarpið yrði fellt, en minni hl., fulltrúi Sósíalístaflokksins, Áki Jakóbsson, lagði eindregið til í álitinu, sem útbýtt var 23. apríl, að frumvarpið yrði samþykkt. Fulltrúi Alþýðuflokksins í nefndinni, Finnur Jónsson, taldi sig hins vegar ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins og skilaði engu álitinu.

Eftir að álit sjávarútvegsnefndar lá fyrir, var tregða við að taka málið á dagskrá, en eftir ítrekaðar tilraunir fékkst það tekið fyrir 5. maí, og eftir það 6., 7., og 8. og 23. maí. En svo einkennilega brá við, að málið var alltaf tekið af dagskrá, áður en það var útrætt, og stundum tekið fyrir og tekið af dagskrá strax aftur, án þess að nokkrar umræður væru hafðar. Fékkst því ekki atkvæðagreiðsla í málinu, og dagaði frumvarpið loks uppi, enda hafði vísitandi verið að því stefnt af andstæðingum málsins, að svo yrði.

Frumvarp þetta var flutt vegna einróma samþykktar síðasta þings Alþýðusambands Íslands, sem innan sinna vébanda hefur öll sjómanna- og verkamannafélög landsins, sem togarahásetar eru félagar í. Þau rök, sem færð hafa verið gegn því, hafa eigi komið frá öðrum en togaraeigendum og meiri hluta sjávarútvegsnefndar, er endurtók þá staðhæfingu útgerðarmanna, að lækka yrði kaup togarasjómanna, ef frumvarpið yrði samþykkt, og að það væri eigi framkvæmanlegt vegna vöntunar á plássi í togurunum. Þessi rök eru ekki frambærileg gegn því réttlætismáli, sem er aðalefni frumvarps þessa, að togarasjómenn eigi afdráttarlausu kröfu á 12 tíma hvíld á sólarhring. Enginn sjómaður tekur alvarlega þá mótbáru togaraeigenda, að pláss sé ekki til í skipunum fyrir þá 3—4 menn, sem bæta þarf við, er hvíldartíminn verður lengdur, og sú fullyrðing útgerðarmanna, að kaup háseta ætti að lækka, ef fjölgað yrði á skipunum, er aðeins dæmi um það, hve ósanngjarnir atvinnurekendur af gamla skólanum geta enn verið.

Togarasjómenn eru nú samkvæmt lögum skyldir til þess að vinna allt að 16 stundum í sólarhring og bera oft og tíðum ekki meira úr býtum en menn í landi fyrir stuttan vinnutíma. Það er því svo furðulamt frá sanngirni að ympra á því að lækka kaup þeirra, þó að þeim verði tryggð 12 stunda hvíld á sólarhring, að slíkt nær engri átt. Það verður að spara á öðrum liðum útgerðarkostnaðarins. Útgerðin ber það ekki að missa af flotanum, vegna óhóflegs vinnutíma og lélegra launa, það einafalalið, er nú mannar togarana.

Því hefur verið hreyft um þetta frumvarp, eins og hin fyrri vökulög, að það sé flutt í pólitískum tilgangi, án þess að sjómenn hafi sjálfir áhuga á málinu. Eins og í fyrra skipti hafa togarahásetar svarað þessu eftirminnilega. Frá því að frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi, hafa um 400 starfandi togarahásetar skorað á Alþingi að samþykkja það, og sams konar áskornir hafa borizt víðar að. Afstaða sjómanna til frumvarpsins er því ótvírætt sú, að þeir vilja, að frumvarpið verði að lögum.

Með hliðsjón af því, hversu þetta er mikið réttlætismál, verður að ætla, að frumvarpið fái fljóta og þinglega fyrirgreiðslu og Alþingi viðurkenni réttmæti þess og geri það að lögum.“

Á þinginu 1947 var samþykkt þáttill, um að skipa nefnd í þetta mál. Gerði ríkisstjórnin það. Á síðasta þingi var gerð fyrirspurn um starf nefndarinnar. Skýrði forsætisráðherra frá því, að nefndin hefði verið skipuð. Nefndarálit er enn ókomið.